

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 36/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Elíassyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ökuréttur. Reynslulausn. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1997 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar viðurlaga og krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. desember 1996.

Ár 1996, föstudaginn 27. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 991/1996: Ákærvaldið gegn Karli Elíassyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 16. desember sl., á hendur ákærða, Karli Elíassyni, Víkurási 4 í Reykjavík, kt. 101174-4099.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa ekið

bifreiðinni R 31017 miðvikudaginn 16. október 1996, sviptur ökurétti, frá Nesti í Fossvogi suður Hafnarfjarðarveg, uns lögregla stöðvaði aksturinn við Silfurtún. Þetta telst varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur framið brot það, sem honum er gefið að sök og er rétt fært til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur árið 1993 í sektar-greiðslu fyrir brot á 120. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Síðar sama ár gekkst hann með sátt undir að greiða sekt fyrir ofhraða. Enn gekkst ákærði árið 1994 undir að greiða sekt og nú fyrir ölvunarakstur og einnig ofhraða. Jafnframt var ákærði sviptur ökurétti í tólf mánuði. Síðar árið 1994 var ákærði dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi sem hegningar-auka fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. almennra hegningar-laga. Í júlí árið 1995 var ákærði dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir ölvunar-og sviptingarakstur svo og brot á 10. gr. umferðarlaga og 248. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt var ákærði sviptur ökurétti í þrjú ár. Í nóvember árið 1995 var ákærði dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga og 217. gr. almennra hegningarlaga. Loks hefur ákærði á þessu ári hlotið tvo dóma, fyrst í janúar sl., en þá var honum ekki gerð refsing, fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og 6. mars, en þá var ákærði dæmdur í níu mánaða fangelsi, hegningarauka að hluta, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 217. gr., 1. mgr. 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða var 30. ágúst sl. veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár á 300 daga eftirstöðvum fangelsisrefs-ingar. Ákærði var með dómunum árið 1995 sakfelldur fyrir að aka samtals sjö sinnum sviptur ökurétti.

Með háttsemi þeirri, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar og verður því ákvörðuð refsing með hliðsjón af 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og eftirstöðvar refsingar ákærða, sem hann hlaut skilorðsbundna reynslulausn á, felld inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð og þykir með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár.

Loks ber samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Elíasson, sæti fangelsi í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.
